



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um verðpak ráðgjafakaupa starfshópa

Á fundi borgarráðs þann 25. maí 2023 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

Flokkur fólksins spyr hvort verðpak sé sett á hvað starfshópar geta keypt sér mikla ráðgjöf frá ráðgjafafyrirtækjum og sé svo, hver er sú upphæð? Í öllum erindisbréfum sem gefin eru út af borgarstjóra er kafli sem ber titilinn Til ráðgjafar og samstarfs og segir í honum að „Stýrihópurinn leiti ráðgjafar innan og utan borgarkerfisins hjá lykilaðilum sem hafa sérþekkingu á viðfangsefninu“. Nú má ætla að í starfshóp sé gjarnan valið fólk sem er með þekkingu og jafnvel sérþekkingu á viðfangsefni því sem hópurinn á að fjalla um. Í gegnum árin hafa tugir milljóna ár hvert streymt til ráðgjafafyrirtækja vegna ýmissa verkefna og skýrslna. Þar sem ekki eru til peningar um þessar mundir í borgarsjóði telur fulltrúi Flokks fólksins að setja þurfi bremsu á utanaðkomandi ráðgjafarkaup. Í borgarkerfinu er mikill mannauður og vanti starfshópi sérfræðiupplýsingar má án efa leita til starfsmanna borgarinnar sem eru einmitt ráðnir til starfa vegna sinnar þekkingar og sérþekkingar. Stafsmenn eru einmitt fólk sem gæti tekið að sér megnið af þeim verkefnum sem ráðgjafafyrirtæki hafa fengið inn á sín borð fram til þessa og rukkað fyrir háar upphæðir. Hér þarf að gæta hófs og hleypa ekki ráðgjafafyrirtækjum að taumlaust.

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar skrifstofu borgarstjóra og borgarritara með bréfi skrifstofu borgarstjórnar, dags. 7. júní sl.

Svar:

Kjósi starfshópar að fara þá leið að leita til ráðgjafafyrirtækja, sé slík heimild fyrir hendi í útgefnu erindisbréfi, tekur sú fjárhæð mið af þeirri fjárheimild sem er fyrir hendi hverju sinni á viðkomandi kostnaðarstað. Taka þarf mið af Innkaupareglum Reykjavíkurborgar við slík kaup. Samkvæmt 3. gr. Innkaupareglna Reykjavíkurborgar skal innkaupastefnu og innkaupareglum Reykjavíkurborgar fylgt við öll innkaup Reykjavíkurborgar, sem og lögum um framkvæmd útboða nr. 65/1993 og lögum um opinber innkaup nr. 120/2016 þar sem við á. Samkvæmt innkaupastefnunni er meginreglan sú að beita skuli tilteknum innkaupaferlum við innkaup Reykjavíkurborgar. Innkaupaferli eru nánar útlistuð í 17. gr. innkaupastefnunnar. Gera skal verðfyrirspurn, sbr. 19. gr., eða beita öðrum innkaupaferlum þegar áætluð fjárhæð innkaupa án virðisaukaskatts er innan viðmiðunarmarka. Þegar kemur að kaupum á vöru og þjónustu er miðað við 5 – 10 m.kr. án vsk. Skylt er að viðhafa innkaupaferli, annað en verðfyrirspurn, þegar



Reykjavíkurborg

áætluð samningsfjárhæð án virðisaukaskatts vegna kaupa á vöru og þjónustu er yfir kr. 15.5 m.kr. án vsk. Líkt og fram kemur í 5. gr. innkaupareglna skulu stjórnendur og starfsmenn sviða, skrifstofa, stofnana og annarra rekstrareininga sem fara með innkaup fyrir hönd Reykjavíkurborgar, tryggja að innkaup séu í samræmi við innkaupastefnu og innkaupareglur borgarinnar, sem og lög um opinber innkaup.

Þorsteinn Gunnarsson
borgaritari